

# NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**

ÁGÚST 2017 • 8. TBL. • 30. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

  
GERÐU EINFALT  
**ENN**  
EINFALDARA!  
Borgaðu fyrirfram um leið og þú pantar með appi eða á netinu.  
.....  
  
Dove app | www.dove.is



Sumarnámskeið hjá Seltjarnarnesbæ hafa gengið vel fyrir sig í sumar og sú nýbreytni var gerð að haldið var námskeið í ágústmánuði sem mældist vel fyrir. Á myndinni eru krakknir að fara í siglingu við Bakkavör. Sjá nánar á bls. 7.

**HAPPAFENGUR**  
Húkkaðu í Happaþeng á næsta sólustað.  
**ÞU GETUR UNNIÐ SJO SUNNUM!**  
HAPPA PRENNAN  
Skemmtilegt að skoða!

SELTJARNARNESBÆR  
  
www.seltjarnarnes.is

  
**Slökkvitækjaþjónustan**  
564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

  
**OPÍÐ**  
ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi

  
Erum á Óðinsgötu 1  
Sjá nánar á [www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka



# NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298  
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson  
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is  
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

## Leiðari

### Hátt íbúðaverð á Nesinu

Löngum hefur verið sóst eftir að búa á Seltjarnarnesi. Umgjörð Lbæjarfélagsins þykir falleg og fólk finnur þægindi þess að búa í fremur þéttari byggð þar sem vegalengdir eru stuttar til flestrar þjónustu.

Áhugi fólks á Seltjarnarnesi og einnig sá byggingarmáti, einbýla og raðbýla, sem valin var hefur stuðlað að því að íbúðaverð hefur haldist fremur hátt á Nesinu ef miðað er við aðrar byggðir á höfuðborgarsvæðinu.

Í nýlegum tölum um fasteingaverð er ljóst að Seltjarnarnes skorar hátt í samanburði við aðrar byggðir. Framboð á húsnæði er minna en eftirspurn enda um takmarkað byggingarland að ræða.

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að hefja byggingu íbúða á svonefndu Bygggarðasvæði sem nú er í niðurniðslu eftir langvarandi iðnaðarstarfsemi sem að mestu hefur verið flutt burt. Þar er fyrirhugað að reisa blandaða byggð með mismunandi stærðum íbúða.

Ólíklegt má telja að sú viðbót við íbúðarhúsnæði sem þar mun rísa komi til með að lækka íbúðaverð. En vegna fjölbreytileika má gera ráð fyrir að að byggðin auðveldi ungu fólki sem áhuga hefur á Seltjarnarnesi að setjast þar að.

## Verðlag á Seltjarnarnesi með því hæsta

Verðlag íbúða á Seltjarnarnesi virðist með því hæsta á landinu þessa dagana. Fyrir skömmu var seld íbúð á efstu hæð í nýlegu fjölbýli við Hrólfsskálamel á 230 til 250 milljónir króna og mun sölufrelfið hafa aðeins tekið tvo daga.

Nú eru í sölu tvær síðustu óseldu íbúðirnar í yngstu blokkinni á Hrólfsskálamelnum. Söluverð annarrar þeirra er 198 milljónir en hinnar 145 milljónir. Þegar íbúðir í þessum nýju byggingu komu í sölu seldust þær mjög hratt og voru



kaupendur að hluta eldra fólk af Seltjarnarnesi sem var að minnka við sig húsnæði.

## Guðmundur í Brimi kaupir hús við Nesveg

- er sjálfur næsti nágranni

Guðmundur Kristjánsson, útgerðarmaður í Brimi hefur festi kaup á húsi Ólafar Pálsdóttur myndhöggvara við Nesvegi 101. Það er félagið Fiskitangi sem er skráð fyrir húsinu en það er í eigu Guðmundar.

Ólög Pálsdóttir myndhöggvari bjó í húsinu um langt skeið ásamt eiginmanni sínum Sigurði Bjarnasyni ritstjóra, alþingismanni og síðar sendiherra frá Vigur. Sigurður lést fyrir rúmum fimm árum 96 ára að aldri en Ólöf bjó í húsinu nokkuð eftir það. Húsið er byggt 1927, teiknað af Sigurði Guðmundssyni arkitekt og er 354 fermetrar að stærð. Fasteignamat þess eru rúmlega 92 milljónir en



ekki er kunnugt um söluverð þess nú. Sjálfur er Guðmundur nágranni hússins því hann er skráður til heimilis í næsta húsi sem er Marbakkí. Það hús stendur á sjávarlóð og var reist á grunni eldra húss með sama nafni sem hafði verið í eigu Björns Rúrikssonar athafnamanns og ljósmyndara.

## Leila verður með kynningu

Snyrtistofan Leila Eiðistorgi verður með í Bæjarhátíð Seltjarnarnes, föstudaginn 25. ágúst milli kl. 12-18.

Sérfræðingur frá Guerlain verður á staðnum og 20% afsláttur verður af öllum vörum. Friðrik Karlsdon spilar sýna ljúfu tónlist og léttar veitingar frá Jóa Fel í boði.

## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook



# BÆJARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS

Verður haldin dagana 25. - 27. ágúst 2017

Seltirningar eru hvattir til að skreyta hverfin sín, hús og lóðir í viðeigandi hverfalit og flagga meðan á hátíðarhöldum stendur.

Veitt verða  
verðlaun fyrir  
frumlegustu  
húsa-  
skreytinguna

Varningur í  
hverfalitum  
verður til sölu  
í Hagkaup  
og Byko

## Föstudagurinn 25. ágúst

17.00 - 19.00 Sundlaug Seltjarnarness – Sundlaugarpartý

Skemmtidagskrá í lauginni fyrir alla fjölskylduna. Meðal þeirra sem fram koma og skemmta gestum eru hljómsveitirnar *Stjúpmæður* og *Tapír*. Óvæntar upptökur á vegum *World Class* á sundlaugarbökkunum og *Arna – ís og kaffibar* býður upp á ís í tilefni dagsins.

Fritt er í laugina og *World Class* allan daginn í tilefni hátíðarinnar.

20.00 - 21.30 Brekkusöngur í Plútóbrekku – Jón Jónsson & Frikki Dór

Kynnir kvöldsins verður *Jói G. Bæjarins beztu* býður brekkusöngsgestum upp á bæjarins beztu pylsur og með þeim. *Veislan* býður upp á ljúffenga kjötsúpu og boðið verður upp á heitt súkkulaði í *Seltjarnarneskirkju* meðan á brekkusöngnum stendur.

## Laugardagurinn 26. ágúst

10.00 Hjólreiðatúr með Bjarna Torfa um Seltjarnarnesið

Bjarni Torfi er fullur af fróðleik um Seltjarnarnesið og mun hann miðla honum áfram í stórskemmtilegum hjólreiðatúr. Lagt verður af stað frá Sundlaug Seltjarnarness að framanverðu.

11.30 Skemmtiskokk með Trimmklúbbi Seltjarnarness

TKS býður bæði upp á skemmtiskokk fyrir nýja hlaupara og einnig ferðir fyrir lengra komna.

Lagt verður af stað frá Sundlaug Seltjarnarness að framanverðu og endar í gleðinni á Vivaldivellinum.

12.30 – 14.30 Gróttudagurinn á Vivaldivellinum

12:30 – 13:30 Byrjað á Sprelli uppi á Vivaldivelli – keppt verður í handbolta, fótbolta, pokahlaupi og fleiru skemmtilegum þrautum.

13:30 – 14:30 Ratleikur hjá öllum deildum Gróttu – Við endum leikinn við Vivaldi völlum.

15:00 Heimaleikur á Vivaldi vellinum – Fritt inn

Mfl.kk Gróttu spilar á móti Þór. Öllum bæjarbúum verður boðið fritt inn á leikinn í boði Seltjarnarnessbæjar. Úrslit úr ratleik verða kynnt í hálfleik. Nánar á [grottasport.is](http://grottasport.is)

18.00 Götugrill bæjarins hefjast í hverfunum og boðið verður upp á ýmsar skemmtanir í boði íbúanna

## Sunnudagurinn 27. ágúst

11.00 Appelsínugul messa í Seltjarnarneskirkju

Sr. Bjarni Bjarnason stendur fyrir appelsínugulri sunnudagsmessu. Veittar verða viðurkenningar fyrir frumlegustu húsaskreytinguna og flottustu götuskreyinguna.

12.00 – 14.00 Golfmót yngri kynslóðarinnar

Nesklúbburinn stendur fyrir púttmóti og golfþrautum fyrir yngri kynslóðina í tilefni af bæjarhátíð Seltjarnarnessbæjar.


17.00 Leikritið „Ég og minn bipolar bróðir“ – Fritt inn

Verkið verður sýnt í Félagsheimili Seltjarnarness. Leikritið er nýtt verk eftir Tómas Gauta Jóhannsson sem leikur jafnframt annað aðalhlutverkið ásamt Gissuri Ara Kristinssyni. Niels Thibaud Girerd er leikstjóri verksins.

Þátttakendur  
viðburða eru  
hvattir til að mæta  
í flikum í sínum  
hverfalitum.

Veitt verður  
viðurkenning  
fyrir flottustu  
götuskreytinguna

Eftirtalin fyrirtæki eru styrktaraðilar Bæjarhátíðar Seltjarnarness:



SELTJARNARNESSBÆR

# Nýjar, stórglæsilegar útsý

## ÍBÚÐ 405

Fimm herbergja íbúð á fjórðu hæð

Verð: 145.000.000 kr.



## ÍBÚÐ 501

Fimm herbergja íbúð á fimmtu hæð

Verð: 198.000.000 kr.



# Íbúðir á Seltjarnarnesi



## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

### Gunnar Sverrir Harðarson

Sölufulltrúi  
Sími 862 2001  
gunnar@remax.is

### Ástþór Reynir Guðmundsson

Löggiltur fasteignasali  
Sími 899 6753  
arg@remax.is



Upphaf er með um 1500 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er [www.upphaf.is](http://www.upphaf.is) og síminn er 519 3300.





Eins og sjá má er góð aðstaða til að virða fuglalífð fyrir sér úr nýja fuglaskoðunarhúsinu.

## Nýtt fuglaskoðunarhús á Seltjarnarnesi

Nýlega var lögð lokahönd á gerð fuglaskoðunarhúss við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Húsið fellur vel að landslaginu og hentar almenníngi og grunnskólanemum á Seltjarnarnesi og víðar vel við fuglaskoðun og rannsóknir.

Bakkatjörn er einstök hvað varðar fjölskrúðugt fuglalíf allan ársins kring. Húsið er kjörið fyrir

fuglaáhugamenn og ljósmyndara hvaðan æva að en hönnun þess býður upp á fyrsta flokks aðstöðu til að koma sér vel fyrir og sæta færís fyrir rétta myndaaugnablikið. Staðsetning hússins er nálægt bakkanum og veitir góða yfirsýn yfir Bakkatjörn þar sem fjöldi vaðfugla heldur til.



## Stórbætt aðstaða fyrir Skólaskjól og Frístund



Nú við upphaf skólaársins verður tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir lengda viðveru barna í 1. til 4. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness. Í sumar hefur „Kálfurinn“ svokallaði, sem er viðbygging við Mýrarhúsaskóla, verið endurnýjaður til að bæta aðstöðu Skólaskjólsins. Alls er um rúmlega 180 fermetra húsnæði að ræða og skipting þess býður upp á marga möguleika fyrir frístundastarf barnanna.

Kálfurinn hefur gegnt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina, lengst af sem kennarastofa skólans en síðustu ár hefur húsnæðið þjónað sem geymsla og æfingarými fyrir hljómsveitir. Fyrir tveimur árum var þak hússins endurnýjað og í sumar hefur það verið endurnýjað að innan. Veggir voru færðir og dyraop breikkuð til samræmis við gildandi staðla. Loftklæðning og gólfefni voru endurnýjuð. Nýjar innréttingar fyrir starfsemina hafa verið settar upp og ný salernisaðstaða auk þess sem útveggur var rofinn fyrir nýjan neyðarútgang. Að sögn Margrétar Sigurðardóttur, forstöðukonu Frístundamiðstöðvar Seltjarnarnesbæjar og Rutar Hellenardóttur, forstöðukonu barnastarfs Frístundamiðstöðvarinnar mun þessi nýja aðstaða gjörbreyta forsendum fyrir faglegt starf í Skólaskjóli og Frístund.



## Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



**1** Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

**2** Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss



**3** Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



**4** Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sopp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjustu fréttir af verkefni má finna á [facebook.com/plastsofnun](https://facebook.com/plastsofnun)

**SORPA**



## Vel heppnuð nýbreytni á sumarnámskeiðum

**- sumarhlé gaf góða raun**

Í sumar var gerð sú breyting á skipulagi sumarnámskeiða að boðið var upp á námskeið í ágústmánuði og þannig komið til móts við breytta eftirspurn fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Í ljósi lítillar þátttöku í námskeiðum síðari hluta júlímánaðar í fyrra og eftirspurn eftir tilboðinu í ágústmánuði var ákveðið að gera breytingar á því nú í sumar. Hlé var gert á námskeiðum 24. júlí til 4. ágúst og þess í stað boðið upp á námskeið 8. til 18. ágúst. Með þessari breytingu hefur skráning á síðustu námskeið sumarsins stórauðist á milli ára svo vænta má að framhald verði á þessu fyrirkomulagi.



## Heilsugæslan Höfða

**Árni Sch. Thorsteinsson**

Sérfræðingur  
í heimilislækningum.

Mun 1. sept. nk. flytja  
læknastofu mína á  
Heilsugæsluna Höfða,  
Bíldshöfða 9.

Gamlir og nýir  
skjólstæðingar velkomnir.

Nánari upplýsingur um  
skráningu á [www.hgh.is](http://www.hgh.is)  
eða í síma 591-7000.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

# ÓDÝRAR SKÓLAVÖRUR

fyrir öll skólastig



**bóksala stúdenta**

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - [www.boksala.is](http://www.boksala.is)



# Umhverfisviðurkenningar árið 2017

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir m.a. fagra garða og snyrtilegan frágang lóða. Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fagurt tré. 24. ágúst verða veittar umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2017.



Tjarnarmýri 2, eigendur Margrét Þorsteinsdóttir og Almar Gunnarsson fá sérstaka viðurkenningu fyrir stílhreint hús og gott samræmi húss og lóðar.



Bakkavör 1, eigendur Hafðis Hrönn Garðarsdóttir, Halldór Benoný Nellett, Bryndís Bára Garðarsdóttir og Jóhannes Geir Benjamínsson fyrir endurbætur á eldra húsi og lóð.



Melabraut 30, eigendur Laufey Gissurardóttir og Kristinn Ólafsson fyrir nýppgert hús sem fært hefur verið í sitt upprunalega horf.



Selbraut 12, eigendur Helga Árnadóttir og Árni Árnason fyrir tré ársins, sem er úlfareynir.

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU  
VERÐI

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)



# iGreen

## Hi-Tech Frames

iGreen er einstök vörulína sem sameinar stíl og tækni sem er nýjung í umgjörðum. Hin nýja og byltingarkennda efni sem notað er gefur frábæran sveigjanleika og léttleika auk þess að vera sterkt og endingargott.

Ítölsku iGreen umgjörðirnar eru flottar og litríkar auk þess að bjóða upp á ótal möguleika í samsetningum.

Komdu við og kynntu þér iGreen umgjörðirnar.

# Skiptu um lit!



Verð á umgjörðum kr. 11.900 og 14.900  
Verð á auka örmum kr. 2.900

### Gott verð á glerjum

Einfókus gler  
verð frá kr. 16.900,-

Margskipt gler  
verð frá kr. 41.900,-

Með iGreen gleraugunum getur átt mismunandi litaðar umgjörðir og arma og skipt um eftir vild. Þannig getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.

**E**  
**YES**  
**LAND**

gler•augu

Viðtal við Tómas Gauta Jóhannsson

# Leiklistin á allan minn hug

Ég og minn bipolar bróðir er nýtt verk eftir Tómas Gauta Jóhannsson. Verkið fjallar um eineggja tvíbura þá Jakob og Pétur og lífsbaráttu þeirra þegar annar þeirra greinist með geðhvarfasýki. Tómas Gauti leikur sjálfur hlutverk Jakobs bróðurins sem veikist en hinn tvíburabróðirinn er leikinn af Gissuri Ara Kristinssyni. Svo vill til að þessir ungu Seltirningar eru náskyldir – þeir eru systkinasynir. Móðir Tómasar er Margrét Lind Ólafsdóttir bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi og faðir Gissurar er Kristinn Ólafsson formaður Golfklúbbs Ness og björgunar-sveitarmaður. Vinur þeirra Niels Thibaud Girerd leikstýrir verkinu og tónlistin er eftir Friðrik Guðmundsson ásamt fleirum. Aðstandendur verksins eru allir fæddir 1993 og eru frá Seltjarnarnesi. Þeir voru farnir að búa til leikhús í öðrum bekk í frístundaheimilinu og Niels Thibaud Girerd sem leikstýrir verkinu starfar sem sýningarstjóri hjá Íslensku óperunni en Tómas hefur tekið þátt í störfum Stúdentaléikhússins og leiklistarhópi í Menntaskólanum, við Hamrahlíð. Verkið var frumsýnt í Félagsheimili Seltjarnarness í lok júlí og var ætlunin að sýna það þrisvar. Undirtektir hafa hins vegar orðið það góðar að ákveðið var að fjölga sýningum og ætlunin er að láta eftirspurn ráða um hversu verkið verður sýnt oft.

Tómas Gauti spjallar við Nesfréttir að þessu sinni og spurning vaknar um af hverju þeir hafi ákveðið að ráðast í þetta verkefni. “Ástæða þess að ég fór af stað núna er að þegar ég fór að hugsa um hvað ég ætти að gera í sumar þá kom mér til hugar að sækja um skapandi sumarstörf á Seltjarnarnesi en bæjarfélagið hefur styrkt slík verkefni að undanfögnu. Hugmyndin að þessu verki er þriggja



Tómas Gauti Jóhannsson.

ára gömul. Þetta er búið að vera draumaverkefni mitt í um tvö á og þarna fannst mér komið tækifæri til þess að ráðast í það. Stærsta vandamálið var að okkur vantaði leikstjóra en svo kom Niels í lið með okkur.”

## Annar einstaklingurinn tekur U-beygju

En af hverju réðust þið í að taka þetta efni fyrir – efni sem getur bæði verið vandmeðfarið í umfjöllum og ekki síður í túlkun. “Mér fannst hugmyndin áhugaverð til að vinna með hana. Tveir samrýmdir einstaklingar og samstilltir þangað til að annar þeirra tekur U-beygju í lífinu án þess að utanaðkomandi og sýnileg ástæða sé fyrir hendi.” Tómas segist hafa stúderað geðhvarfasýki og geðsjúkdóma nokkuð og lesið sér til um efnið. “Ég var búinn að þæla mikið í þessum málum og kynna mér verk sem fjalla um þennan sjúkdóm. Þegar sú staða kemur upp í jafn nánum fjölskyldutengslum og gerist í leikritinu getur sviðið tæpast orðið þrengra. Ákveðinn harmleikur verður til.”

## Enginn spyr þann heilbrigða

Er verkið dramatískt. “Já það er dramatískt en líka kómískt. Fólk notar oft kómík til að glíma við áfall sem stundum getur verið eina vopnið og við förum þá leið til koma þessu efni til skila. Setjum upp ákveðna grímu. Dramatíkin kemur líka fram. Tvíburar sem hafa lifað sambærilegu lífi hlið

## Ekki veggur á milli leikara og áhorfenda

Þið farið aðeins óvenjulega leið í uppfærslunni. “Óvenjulega og óvenjulega ekki. Við förum svoltið í smíðju þýska ljóð- og leikskáldsins Bertholt Brecht sem var uppi á fyrri hluta liðinnar aldar. Notum það sem stundum er kallað þýskur leikstill. Við erum ekki með vegg á milli okkar og áhorfenda og beitum þeirri aðferð einnig að setja eina sögu inn í aðra. Við erum líka dálítið innblásnir af verkum sem Þorleifur Örn Arnarson hefur verið að gera í sínum uppsetningum – til dæmis uppsetningunni á Njálu og svo eru Englar alheimsins mjög klassísk umfjöllun um þessi mál. En umfram allt þá er verkið fullt af hómur þótt að um ákveðinn harmleik sé að ræða. Það er hægt að nota kómísku hliðina til þess að segja svo margt.”

## Öll mín spor á Nesinu

En þið eruð allir Seltirningar. “Já – við eigum okkar spor hér og ég hef búið á Seltjarnarnesi alla æfi að undan skildum nokkrum árum sem foreldrar mínir bjuggu í Danmörku. Ég hef búið á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi og þekki ekki annað búsvæði eða bæjarfélag hér. Þetta er lítið umhverfi og því liggur við að maður þekki hverja einustu þúfu. Hér þekkjá líka flestir flesta og þegar maður heyrir neikvætt tal um Seltjarnarnes tekur maður það ósjálfrátt inn á sig jafnvel þótt maður viti að eitthvað kunni að vera til í því sem sagt er. Ég held að það sé mikill kostur fyrir Seltirninga hversu mannlegu tengsli eru sterk og hvað fólk hefur mikinn áhuga á því hvað aðrir eru að gera. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ég seldi Sigurjóni Sighvatssyni handrit þá voru margir í að peppa mann upp. Seltirningar halda utan um sína ef til vill með einhverjum undantekningum en þetta held ég að sé megin stefni í lífsmáta þeirra. Við finnum fyrir þessu saman nú þegar við settum Ég og minn bipolar bróðir á svið í samkomuhúsinu. Ég hef oft heyrð talað um að maður verði að vera í 101um eða hluti af einhverri elítu til þess að komast áfram í lista- og menningarheiminum. Það sé rosalega erfitt á Seltjarnarnesi og það sést kannski best á því að hér er ágætt félagsheimili en hræðilega vannýtt. Við finnum vel út frá þeim áhuga

PC og Apple  
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra  
ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



sem sýningin okkar hefur skapað að nýta mætti þetta húsnæði margfalt betur." Tómas bendir á að í öðrum nágrennbæjum Reykjavíkur sé blómlegt leikhúslíf. Hann nefnir Leikfélag Mosfellsbæjar, Leikfélag Selfoss, Hafnarfjarðarleikhúsið og Leikfélags Kópavogs sem lét sig ekki muna um að setja Hárið upp fyrir bráðum hálfri öld eða 1971. "Þessi reynsla okkar sýnir að við getum eftt leikhúslíf á Seltjarnarnesi. Norðurpóllinn starfaði hér um tíma í yfirgefnu iðnaðarhúsnæði við Bollagarða sem nú hefur verið rífið og Leikfélag Seltjarnarness er til en það hefur ekki farið mikið fyrir því að undanförmu."

### Seltirningar eru heimakærir

Og Tómas heldur áfram. Hann segir að Seltirningar séu fremur heimakærir. Vilji geta sótt viðburði í heimabyggðinni og leiklistin sé þar alls ekki undanskilin. Hann minnr á að á vefsíðu Seltjarnarnesbæjar sé sagt frá því að bærinn styrki listir og menningarlíf á Seltjarnarnesi. "Það hefur verið stutt við ýmsa viðburði. Bókasafnið hefur líka verið að breytast í alhliða menningarmiðstöð þar sem bæði myndlist og tónlist er sinnt að einhverju marki. Ég tel að bæjarfélagið geti einnig stutt við leiklistarstarfsemina." Tómas minnr á Nína Dögg Filippusdóttir, bæjarlistamaður Seltjarnarness

komi úr leiklistinni og hafi þegar ákveðið að nýta verðlaunin til þess að efla skapandi starf að þessu leyti á Seltjarnarnesi. "Ég held að að frumkvæði hennar geti orði öðrum til eftirbreytni. Líka þær viðtökur sem sýningin okkar félaganna hefur fengið. Ég held að við séum að vinna ákveðið frumkvöðulsstarf og að fleiri muni koma á eftir. Okkur vantar að efla þennan þátt menningarlífsins. Ég er viss um að fólk sem fer ef til vill einu sinni á ári í leikhús myndi allt eins kjósa að gera það hér

heima á Nesinu í stað þess að sækja stofnanaleikhúsin og greiða ef til vill fimm þúsund krónur á mann fyrir sætið. Það kostar fimm manna fjölskyldu um 25 þúsund krónur að fara saman í leikhús. Ef stutt yrði við leiklistarlíf á Nesinu mætti stilla miðaverði í hóf og fólk hefði þetta heima. En auðvitað yrði það alltaf val." Og Tómas lætur hugann reika yfir bæjarmörkin. Leiklistarlíf á Nesinu gæti líka nýst fólki í Vesturbænum í Reykjavík. – tengt okkur meira saman."

### Leiklistin á allan minn hug

En hvað hugsar Tómas sér að gera eftir velheppnaða uppfærslu á Ég og minn bipolar bróðir í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi. "Ég stefni á nám í leiklistinni. Ég er búinn að sækja um leiklistarskóla í Bretlandi. Þá komst ég mjög nærri því að fá inngöngu og ég hef trú á að það takist – jafnvel nú í haust. Leiklistin á allan hug minn og mig langar til þess að geta starfað við hana í framtíðinni.

HAUSTÖNN 2017  
INNDRITUN HAFIN!

# DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

TÆKNITÍMAR - AFREKSHÓPAR - DANSFERÐIR - NEMENDARÁÐ  
ERLENDIR GESTAKENningar - HVATNINGARVERÐLAUN - DANSSKEPPNI

VANDAÐ DANSNÁM HJÁ FRÁBÆRUM KENNURUM!  
WWW.DANSSKOLIBB.IS  
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

f Instagram Snapchat  
DANSSKOLIBB

PosterMyWall.com

Hædda Hjónid  
síðan 1989

HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
eda  
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

# Kristján Guðmundsson í Gallerí Gróttu



Kristján Guðmundsson, fyrrverandi brunavörður varð fyrstur til að sýna verk sín í Gallerí Gróttu eftir að ákveðið var á liðnu vori að bjóða frístundalistafólki á Seltjarnarnesi að sýna í galleríinu yfir sumarmánuðina.

Kristján sýndi verk sín í eina viku í ágúst eftir að bókasafnið og Gallerí Gróttu opnuðu að nýju eftir að vinnu lauk við endurbætur á húsakynnum safnsins og gallerísins. Kristján starfaði meginhluta starfsævi sinnar hjá Slökkviliðinu á Reykjavíkurlugvelli en þegar um fór að hægjast hjá honum tók hann upp penslana sem ávallt höfðu freistað hans og fór að mála af meiri krafti en hann hafði áður haft tíma til. Sýningin var haldin í tilefni af 90 ára afmæli Kristjáns fyrr í sumar. Sýningin mæltist mjög vel fyrir á meðal gesta og fjölmargir gestir heiðruðu listamanninn við opnun hennar.



# Frístundamiðstöð Seltjarnarnesbæjar



Frístundamiðstöð Seltjarnarnesbæjar tók til starfa um sl. áramót. Með tilkomu hennar var sameinuð sú þjónusta sem veitt hefur verið af hálfu Fræðslusviðs og Íþrótt- og tómstundasviðs bæjarins í Skólaskjóli og Frístund, Selinu, ungmennahúsinu Skelinni, Sumarskóla og á sumarnámskeiðum.

Yfirmaður frístundamiðstöðvarinnar er Margrét Sigurðardóttir. Forstöðumaður barnstarfs er Rut Hellenardóttir og forstöðumaður unglíngastarfs er Guðmundur Ari Sigurjónsson. Barnastarf nær yfir þjónustu Sumarskóla, Skólaskjóls/

Frístundar og sumarnámskeiða, en unglíngastarfið nær yfir félagsmiðstöðina Selið, ungmennahúsið Skelina, ungmennaráð og sumarstarf unglíngla. Öll starfsemi frístundamiðstöðvarinnar heyrir undir fræðslusvið bæjarins.

Markmiðið með starfsemi frístundamiðstöðvarinnar er að standa fyrir heildstæðu þjónustu-tilboði fyrir börn frá sex ára aldri og ungmenni. Þjónusta frístundamiðstöðvar miðar við heildstætt tilboð árið um kring, sem einfalda skal foreldrum skráningu og fyrirbyggja rof í þjónustu.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

[www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



# KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

## Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að víðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatib sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðuskipti jafnt timlar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



**Mössun / snyrting á lakki**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



**Dekkjáþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bilnum á meðan hann er í víðgerð.



**Rétting og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins víðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



**Bilþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum víðgerðum.



**Innréttingar / áklæði**  
Tökum að okkur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smávíðgerðir**  
Samhliða víðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Draghálsl 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690 netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is) • [www.tjon.is](http://www.tjon.is)



## Endurnýjað bókasafn



Bókasafn Seltjarnarness opnaði aftur þann 8. ágúst sl. eftir gagngerar breytingar en loka þurfti safninu allan júlímánuð meðan á framkvæmdum stóð. Nánað verður fjallað um upplýtingu safnsins í næsta blaði Nesfrétta.

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

JL HÚSIÐ, HRINGBRAUT 121  
MIDBERG, BREIÐHOLTI  
KORPÚLFSSTAÐIR

SKRÁNING STENDUR YFIR

WWW.MIR.IS – S. 551-1990

## MYNDLISTASKÓLINN

## Í REYKJAVÍK

### NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

### NES FRÉTTIR

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



# Andaðu!



**BESTA NÆRINGIN ?**

Súrdeigssamlukur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.



**FLOTHETTAN**

– fyrir meiriháttar haust!

Innanlands sem utan.

VERÐ:  
16.400 kr.



**MÖNTRU ARMBÖND**

– á strönd og í sveiti!

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/pulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



**ILMURINN 2017**

Dr. Bach heldur okkur vakandi. Lífrænt vottuð af Ecocert.

6 tegundir dr. Bach ilmvatna fást hjá okkur.



**JÓGA- & PÆGINDAFÖT**

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 10 - 18.  
Laugardagar: 11 - 17.

# Bókin ekki enn dauð

Valdís Elísdóttir, verslunarstjóri Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi skrifar

Fréttir undanfarið segja að bókin sé í stórhættu - að framtíð bókaútgáfu og þar af leiðandi bókabúða líti mjög illa út. Samkvæmt fréttum kaupum við sífellt minna af bókum og lestur er þar að auki í samkeppni við annars konar afþreyingu. Jarðarför bókarinnar yrðu válegar fréttir, því að bókabúð skipar mikilvægt hlutverk í hverju samfélagi og kannski meira en við gerum okkur grein fyrir. Hún er staður visku og fróðleiks, full af notalegu andrúmslofti. Fátt er þægilegra en að setjast niður og lesa blað eða bók yfir góðum kaffibolla, gleyma stund og stað, fá nýjar hugmyndir og láta koma sér á óvart.

Samkvæmt mælingum Félags íslenskra bókaútgefenda hefur keyptum prentuðum bókum fækkað um næstum helming síðan 2010. Hækkun virðisaukaskatts á bækur árið 2015 hjálpaði þessari þróun ekki í samkeppninni um aðra afþreyingu. Prentaða bókin er í raun komin í samkeppni við sjálfa sig í rafrænu formi sem og aðra afþreyingu. Að sama skapi sjáum við að sala prentaðra bóka í öðrum löndum eins og í Bretlandi og á Írlandi hefur farið vaxandi. Svo hvað getum við gert sem erum að selja bækur til að efla áhuga á þeim?

## Að hvetja til lesturs er sameiginlegt átak

Það þarf vart að fjölyrða um kosti þess að lesa bókmenntir, bæði fyrir börn og fullorðna. Að hvetja til lesturs er því sameiginlegt átak okkar allra, frá



Valdís Elísdóttir, verslunarstjóri Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi.

foreldrum til stjórnvalda. Bóksalar eru þarna ekki undanskildir. Tæknin hefur breytt bókaumhverfinu gríðarlega og önnur afþreying en bókalestur er komin til að vera. Það er því meðal annars undir okkur sem rekum bókabúðir komið hvernig við þróumst í þessu breytta landslagi. Verðlag stýrist mikið af efnahagsaðstæðum, en Bóksala stúdenta hefur ávallt haft það að markmiði að bjóða eins lágt verð og kostur er, enda stærsti viðskiptamannahópurinn námsmenn. Við bóksalar nýtum okkur tæknina í rekstrinum og aðlögunst þannig breyttu umhverfi, þó við gætum eflaust alltaf gert betur. Við erum aðdáendur allra bókaforma; prentaðra, rafrænna og sjaldgæfra bóka. Það eru nýmörg tækifæri með betri vefsíðum og vefverslun til að mynda en einnig getum við aukið samskipti okkar við núverandi og nýja viðskiptavinum í gegnum

samfélagsmiðla, náð athygli þeirra á þeim vettvangi þar sem þeir eru oftast – í snjalltækjunum – og veitt þeim innsýn inn í það sem gerist í bókabúðinni, alls konar viðburði og sögur sem þar eiga heima. Verið þannig áhugaverður staður til að heimsækja.

## Við erum einnig almenn bókabúð

Við erum ekki bara að selja bækur, ritföng og gjafavörur, heldur einnig upplifun. Við erum líka að bjóða upp á notalegt andrúmsloft og stemningu, höfum kaffihús og viðburði af ýmsu tagi. Þeir sem koma í bókabúð annað hvort eru að leita að eða eru að koma inn til að uppgötva eitthvað nýtt og jafnvel slaka á, komast í rólegt andrúmsloft. Þó svo að okkar sérstaða hjá Bóksölu stúdenta

felist í því að sinna þörfum háskólanemenda um allt land, erum við einnig almenn bókabúð og með þetta skemmtilega andrúmsloft litlu notalegu bókabúðarinnar, þar sem allir eru velkomnir að uppgötva og njóta. Bóksala þarf ekki að vera gamaldags þó hún byggji á gömlum grunni og hugmyndafræði. Við getum bæði haldið í eitthvað sem fólk þekkir frá notalegu bókabúðunum yfir í að veita viðskiptavinum það sem þeir vilja í gegnum netið. Okkar markmið er því að fletta saman það sem var og því sem verður í verslun bóka af ýmsum toga.

Okkur þykir miður að heyrja fréttir af því að hrun bóksölu sé framundan en við skulum ekki syngja sálma strax. Ísland er bókaþjóð og við byggjum á ríkulegri sagnahefð og yndi á rituðu máli. Góð bók í notalegu umhverfi er þægilegur staður til að vera á í þeim hraða heimi sem við búum í, ævintýraheimur sem allir ættu að fá að kynna og það er líka í okkar verkahring að kynna þann heim. Við í Bóksölu stúdenta munum hið minnsta leggja okkur fram um að hlusta eftir breytingum, halda áfram að veita persónulega þjónustu, en ekki sist að búa til stað og umhverfi þar sem er notalegt að koma og kynna bókinni. Bókabúð er nefnilega ekki bara bókabúð. Hún er samfélag og upplifunin sem þar býr. Við hlökkum til að hitta ykkur í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi til að kynna nýjum sjónarhornum og ævintýrum – og njóta kaffibolla með.

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

## Léttir liðir með Túrmerik



20%  
AFSLÁTTUR  
Í AGÚST



www.iceherbs.is

ICEHERBS  
NATURA ISLANDICA

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruslunum, Hagkaupum og Fritíðninni Kettavirkurfgvelli.



*Eldgrillaður*  
**KJUKLINGUR**



**Tilboð**

Eldgrillaður kjúklingur og 2 l.  
af Coca Cola, Zero eða Light

**1.699** kr/pk

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

VETRARDAGSKRÁ, VÖFFLUR OG VIÐBURÐIR.

ÁRLEGT VÖFFLUKAFFI OG KYNNING Á VETRARSTARFINU VERÐUR Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS FIMMTUDAGINN 31. ÁGÚST KL. 14.30. ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR.

Þó nokkur dagskrá var í tengslum við félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa í sumar eins og undanfarin sumar. Boðið var upp á tækninámskeið gönguferðir, félagsvist og bingó, boccia, samsöng og ýmislegt fleira. Eitthvað um að vera alla virka daga vikunnar. Þær Sóley og Sunneva skipulögðu og störfuðu með eldra fólkinu í sumar. Færum við þeim okkar bestu þakkar fyrir góðar stundir og vináttu.

Árleg sumarferð félagsstarfsins var farin fimmtudaginn 29. júní. Áfangastaðir ferðarinnar voru Ljósafossvirkjun, Úlfjótssvatn, Sólheimar í Grímsnesi, sumarhúsaheimsókn í Grímsnesið og veitingastaðurinn Þrastalundur þar sem kvöldverður var snæddur að loknum degi. Á öllum viðkomustöðum var vel tekið á móti hópnum með leiðsögn og öllu því sem við átti hverju sinni. Sendum við okkar bestu þakkar til allra sem þátt tóku á einhvern hátt.

Árlegt nikkuball var svo haldið á smábátbryggjunni 20. júlí sl. og dunaði þar dansinn undir harmonikku og öðrum hljóðfærslætti. Ungmennaráð stendur fyrir þessari skemmtun á hverju ári þar sem þau sjá um að allir skemmti sér, fái nóg af vöfflum og kaffi. Takk fyrir okkur.

Haustdagskrá félags og tómstundastarfsins 2017 er þegar hafin. Ein óvissuferð hefur þegar verið farin, búið að taka einn spiladag og handavinnan farin af stað. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og allir föstu liðirnir á sínum stað að ósk þátttakenda og reynum við því að rugla ekki mikið með dagsetningar og tíma frá því sem verið hefur. Alltaf er þó briddað upp á einhverjum nýjungum á hverju misseri. Skráning er hafin á öll námskeið.

Nú á haustdögum verður boðið upp á dansnámskeið og bridgsnámskeið. Bridgsnámskeiðið stendur öllum opið og er það bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Námskeiðið verður haldið í salnum í Eiðismýri 30, dagana 4., 11., 18., og 25. september. Kennar verður eftir nútíma „American Standard“ kerfinu sem spilað er alls staðar í heiminum. Kennari verður Guðmundur Páll Arnarson, heimsmeistari í bridge. Verð á mann er kr. 20.000 -. Aðeins 20 manns geta sótt námskeiðið hverju sinni. Ef fleiri óska eftir að taka þátt þá verður haldið annað námskeið. Í framhaldi af námskeiðinu er í ráði að stofna Bridgefélag Seltjarnarness. Guðmundur Páll mun verða til aðstoðar við stofnun félagsins. Sveitarfélagið tekur þátt í kostnaði eldri borgara.

Skráning á bridgsnámskeiðið og önnur námskeið og allar nánari upplýsingar um félags- og tómstundastarfið er hjá Kristínu í síma 8939800.

Dansnámskeiðið og tilhögun þess ásamt öðrum liðum dagskrárinnar verður auglýst og kynnt nánar í vöfflukaffinu í Félagsheimilinu fimmtudaginn 31. ágúst nk.

Eins og fram kemur í dagskrárblaðinu sem er að detta inn um bréfalúgunna hjá öllum eldri bæjarbúum þessa dagana þá er dagskráin fjölbreytt, föstu liðirnir á sínum stað og svo er boðið upp á „óvissuferðir“, leikhús, grillkvöld og ýmsa aðra viðburði. Allir sem áhuga hafa á starfi með eldri borgurum ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Fólk er hvatt til að kynna sér það sem í boði er og taka þátt. Ef uppi eru einhverjar hugmyndir sem auðga mættu starfið enn frekar þá er bara að hafa samband. Eins ef fólk vill bjóða fram krafta sína á einhverju sviði, setja eitthvað af stað sjálf þá er hægt að fá alla aðstoð til að hrinda því í framkvæmd. Með von um góða þátttöku og ánægjulegt samstarf í vetur.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

## UMHVERFISHORNID

### Fugl mánaðarins - LÓUPRÆLL



Fullorðinn lóupræll í fjöru.

Lóupræll er lítill vaðfugl, með fremur langan, lítið eitt niðursveigðan, svartan gogg. Hann er gulbrúnn og svarflikróttur að ofan, á sumrin er hann með svartan blett eða svuntu á bringunni og aftur á kvið. Lóupræll var varpfugl fyrrum, á árunum kringum 1955 urpu 3-5 pör, en 1986 aðeins eitt. Hann hefur ekki fundist verpandi á þessari öld, en þó varð vart við syngjandi fugl nú í sumar. Breytingar á búsvæðum lóupræls, votlendi og óræktarmóum, hefur væntanlega valdið þessari fækkun. – Lóuprællinn er algengur fargestur, hann sést bæði í fjörum og við tjarnir, þar sem hann er sérstaklega áberandi síðsumars. Hann fer að sjást um miðjan apríl og sést fram í október, þó mest sé af honum í júlí og ágúst. Stærsti hópurinn var á Bakkatjörn 4. ágúst 2011, 500 fuglar.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarrson

## GRÓÐURFAR Á SELTJARNARNESI

Umhverfisnefnd Seltjarnarness samdi nýlega við Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsókn á gróðurfari (gróðurkort og háplöntur) á Valhúsahæð og nágrenni með Bakkavör til suðurs og Plútóbrekku til norðurs. Úttekt var gerð á tegundafjölbreytni háplantna á Valhúsahæð 1987. Þau gögn eru varðveitt í gagnabanka NÍ ásamt því að vera gefin út sem hluti af veglegu riti,



Náttúrufráttir á Seltjarnarnesi, sem Seltjarnarnesbær gaf út árið 1997 og sendi á öll heimili á Seltjarnarnesi. Gróðurkortinu verður grunn gagn sem sýnir núverandi gróðurfari á nákvæman hátt og auðvelda mun samburð við eldri gögn og vöktun á gróðurfars- og landbreytingum í framtíðinni. Í skýrslunni verður fjallað um gróðurfari og samburður gerður á gróðurfari frá árunum 1986 og 2017. Birtur verður tegundalisti háplantna og fjallað um aðgerðir til verndunar gróðurs á svæðinu. Gert er ráð fyrir að skýrsluskil vegna rannsóknarinnar verði í desember 2017.

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar



# Bærinn hefur skartað sýnu fegursta í sumar

## Ásýnd bæjarins

Í sumar hefur bærinn haft það að markmiði að bæta alla ásýnd bæjarins, hópur ungs fólks hefur unnið hörðum höndum við að bæta við gróðri, hreinsa opin svæði, mála, ásamt öðrum verkefnum sem til falla á sumrin undir stjórn þjónustumiðstöðvar.

## Frístund í nýtt húsnæði frá næstu skólabyrjun

Stærstu verkefni bæjarins í sumar var að endurnýja kennslueldhúsið í Valhúsaskóla, endurhanna og innrétta gamla kennararýmið í Mýrarhúsaskóla, kálfinn eins og húsnæðið hefur oft verið kallað fyrir starfsemi Frístundar, sem byrjar starfsemi sína þar við skólabyrjun.

## Útísvæði við Leikskóla Seltjarnarness

Lóð leikskólans hefur verið endurhönnuð og var farið í fyrsta áfanga í sumar að endurnýja knattspyrnusvæðið og setja á það gervigras. Mikil ánægja er með þessa endurnýjun og starfsmenn ánægðir hvað vel hafi tekist til við þessa breytingu á lóðinni. Einnig hefur verið farið í hefðbundið innanhúss og utanhúss viðhald.

## Söfnun á plasti

Vel hefur tekist hjá bæjarbúum að safna

plasti og skila sérstaklega í þar tilgerða poka í gráu tunnuna sem Sorpa sér síðan um að flokka úr almennu rusli. Þetta áttak til eins árs hefur tekist mjög vel og er ætlunin að skoða áframhaldandi söfnun á plasti með Sorpu. Markmið bæjarstjórnar er að í bæjarfélaginu fari fram markviss og umhverfisvæn sorphirða. Auk jákvæðra umhverfisáhrifa við flokkun sorpsins er einnig spornað við þeim kostnaði sem hlýst af urðun úrgangs. Um leið vinnur bærinn að markmiðum sínum um sjálfbært samfélag.

## Forvarnir

Til margra ára hefur samstarfshópur um áfengis og vímuvarnarmál verið starfræktur. Tilgangur hópsins er að vinna saman og tengja aðila saman sem koma að skipulögðu starfi fyrir börn og unglinga á Nesinu. Seltjarnarnesbær hefur lengi státað af góðu samstarfi leik-, grunn- og tónlistarskóla, félagsmiðstöðvar, vinnuskóla, íþróttafélaga og menningarstofnana þegar kemur að uppeldi og fræðslu barna og ungmenna. Stutt er á milli stofnana sem þjónusta börnin og hafa stjórnendur bæjarins lagst á eitt um að eiga gott samráð við foreldra og aðra íbúa. Þannig hefur verið lagður grunnur að virku forvarnarstarfi.

Mikilvægt er að nefna hlutverk foreldra en þeir gegna lykilhlutverki í forvarnarstarfi. Könnun sem Rannsókn og greining leggur fyrir efstu bekkinn grunnskólans ár hvert og greining

á þeim gögnum er vistuð á heimasíðu bæjarins, hvet ég íbúa til að skoða þær upplýsingar sem þar koma fram.

## Nýtt íbúðahverfi við Bygggarða

Hreyfing er að komast á nýja íbúðahverfið við Bygggarða, nú er verið að rífa og fjarlægja byggingar austast á lóðinni, sem þar stóðu áður. Svæðið verður girt af á næstu vikum. Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær framkvæmdir hefjast.

## Íþróttamiðstöð Seltjarnarness

Unnið er nú að fullum krafti við hönnun á stækkun íþróttamiðstöðvar og fimleikasalar. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út í haust. Undirbúningur að framkvæmdinni hefur staðið yfir frá því í vor. Hönnun hefur gengið samkvæmt áætlun, aðaluppdrættir hafa verið lagðir fyrir byggingarfulltrúa.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.



Ásgerður Halldórsdóttir.





## Fimleikastúlkur fóru til Woodward



Tuttugu og þrjár fimleikastúlkur frá Gróttu héldu í ævintýraför 10. júní síðastliðinn. Ferðinni var heitið til Woodward í Pensylvaníu-fylki í Bandaríkjunum. Um er að ræða sumarþúðir með bestu hugsanlegu aðstöðu til fimleikaiðkunar.

Stúlkurnar okkar sýndu sínar allra bestu hliðar. Þær æfðu af kappi undir leiðsögn erlendra þjálfara en fjórir þjálfarar fylgdu þeim frá Gróttu. Þjálfararnir okkar fengu tækifæri til að sitja námskeið sem nýtast mun í starfi deildarinnar. Ýmislegt var gert til skemmtunar. Kvöldvökur, trjáklifur, sólbað við sundlaugarbakkann

og hæfileikakeppni var á meðal þess sem stúlkurnar tóku þátt í svo fátt eitt sé nefnt. Eftir vikudvöl í fimleikaparadísinni skiluðu þær sér heim til Íslands með bros á vör og vilja allar fara aftur sem allra fyrst. Fimm stúlkur héldu þó áfram ævintýrinu ásamt þjálfara sínum Sesselju og æfðu með fimleikafélögum í Bandaríkjunum í sex daga. Með í för var Philip Zak sem þjálfað hefur hjá fimleikadeildinni undanfarin ár. Stúlkurnar vilja koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem styrktu þær síðasta vetur í fjáröflunum sem þær stóðu fyrir.

## Hreiðar Levý til Gróttu

Markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson hefur undirritað tveggja ára samning við Gróttu. Hreiðar hefur á undanförunum árum verið einn af öflugri markvörðum landsins. Hann hefur leikið 146 landsleiki fyrir Íslands hönd en undanfarin ár hefur hann haft handbolta að atvinnu sinni í Svíþjóð, Þýskalandi og Noregi.

Hreiðar er ekki alls ókunngur á Nesinu en hann var m.a.

bikarmeistari með 2. flokki Gróttu/KR árið 1999 ásamt því að hafa leikið með meistaraflokki félagsins til nokkurra ára.

Hreiðar mun ekki eingöngu verja mark Gróttu heldur mun hann einnig stýra þjálfun yngri markvörða hjá Gróttu en bundin er mikil von við þá vinnu Hreiðars.

Koma Hreiðars á Nesið verður mikil styrking fyrir Gróttu og eru miklar væntingar bundnar við hann hjá félaginu.

## Fimleikadeild Gróttu

# Vetrarstarfið hefst 3. september



Vetrarstarf fimleikadeildar Gróttu hefst sunnudaginn 3. september. Forskráningu lauk þann 13. ágúst. Eins og undanfarna vetur býður fimleikadeildin upp á áhaldafimleika kvenna, gunnáhaldafimleika fyrir drengi upp að níu ára aldri og svo hóp fimleika/stökkfimi kvenna og karla (fyrir börn á öllum aldri). Ýmis námskeið verða í boði og ber þar helst að nefna stubbafimi fyrir börn á aldrinum þriggja til fjögurra ára.

Mikið verður um að vera í og við íþróttahúsið í vetur. Til stendur að stækka fimleikasalinn og bæta þar með aðstöðu allra deilda félagsins. Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist með haustinu.

Í lok ágúst verða áhöldin færð úr fimleikasalnum og inn í minni íþróttasalinn sem tengist gryfjunni. Þar fara allar fimleikaæfingar vetrarins fram allt þar til nýi salurinn verður tekinn í notkun.

Axel Bragason hefur verið ráðinn til starfa hjá fimleikadeildinni. Hann á að baki glæstan fimleikaferil bæði sem iðkandi og þjálfari. Axel starfar sem sjúkrapjálfi hjá Atlas endurhæfingu. Fimleikadeildin býður Axel Bragason velkominn til starfa og erum við virkilega ánægð með að fá þennan mikla reynslubolta í hóp okkar frábæru þjálfara sem fyrir eru hjá deildinni. Fimleikadeildin er á facebook undir Fimleikadeild Gróttu og einnig á [www.grottasport.is/fimleikar](http://www.grottasport.is/fimleikar)

## ÖKUM VARLEGA! Skólarnir eru að byrjaðir!



Reykjavík Apótek

SAMSKIP



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170



## Andapar nýtur gestrisni á Barðaströnd

Andapar nýtur gestrisni á Barðaströnd því hjónin Margrét Björgvinsdóttir og Þráinn Eiríkur Viggósson að Barðaströnd 12 eru góðir gestgjafar og taka vel á móti gestum þegar þá ber að garði. Meðal þeirra sem venja komur sína til þeirra hjóna er afar gæft andapar sem þiggur gjarnan vatn og brauð sem þetta sómafólk býður þeim upp á í dagsins önn.

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Ingi Þór Ólafson, hann var að útskrifast úr 10. bekk Valhúsaskóla í vor. Ingi Þór fékk viðurkenningu sem íþróttamaður Valhúsaskóla 2017 í útskriftinni. Hann er að vinna á golfvelliðum í sumar á golfnámskeiðunum og við að þjálfa yngri krakka í golfi. Ingi Þór er að fara í Borgarholtsskóla í haust á afreksíþróttabrautina í golfi.

**Fullt nafn?** Ingi Þór Ólafson.

**Fæðingard. og ár?** 3. október 2001.

**Starf?** Nemi.

**Farartæki?** Vespa.

**Helstu kostir?** Jákvæður og hress.

**Eftirlætis matur?** Peking önd með pönnukökum og allt það sem mamma eldar.

**Eftirlætis tónlist?** Hlusta á alla tónlist

**Eftirlætis íþróttamaður?** Jordan Spieth.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Horfi lítið á sjónvarp en íþróttir og gamanmyndir eru skemmtilegastar.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Engin sérstök bók, les ekki mikið fyrir utan námsbækur.

**Uppáhalds leikari?** Tom Cruise.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Top Gun.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Spila golf og vera með vinum.

**Fallegasti staður sem þú hefur**

komið á? Þingvellir.



**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Heiðarleika og kurteisí.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Jordan Spieth og Uwe Gensheimer.

**Uppáhalds vefsíða?** Facebook.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Ný fót.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir**

**10 milljónir í happdrætti?** Þjóða fjölskyldunni til útlanda í golfherð og setja síðan afganginn í banka fyrir framtíðina.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bærjastjóri í einn dag?**

Stækka golfvöllinn á Nesinu í 18 holu völl.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Fara í háskólagolf í Bandaríkjunum.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Fór að spila handbolta á Partille Cup móti í Svíþjóð og með mömmu til Boston. Síðan spilaði ég golf restina af sumrinu.

## Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

### Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins  
Eiðistorgi Seltjarnarnesi  
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is



## TENNIS er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

# GUERLAIN



## KISSKISS MATTE



KYNNING VERÐUR FÖSTUDAGINN 25. ÁGÚST MILLI KL. 12-18 HJÁ LEILU EIÐISTORGI.  
GUERLAIN SÉRFRÆÐINGUR VERÐUR Á STAÐNUM OG KYNNIR NÝJAN VARALIT  
FRÁ GUERLAIN - KISS KISS MATTE. 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM.  
VEITINGAR FRÁ JÓA FEL OG FREYÐANDI MEÐ.  
FRÍÐRIK KARLSSON SPILA LJÚFA TÓNLIST MILLI KL. 17-18.